

Nd.

292. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ein af afleiðingum gengislækkunarinnar í nóvember síðastliðnum hlaut að verða stórfelld aukning tolltekna ríkissjóðs. Efni þess frv., er hér liggur fyrir, er að skila aftur nokkrum hluta þeirra hækkana.

Gífurlegar verðhækkanir nauðsynja hafa fylgt í kjölfar gengislækkunarinnar. Enda þótt sú lækkun aðflutningsgjalda, sem þetta frv. fjallar um, megi sín lítils á móti þeirri flóðbylgju verðhækkana, sem nú skellur á almenningi, þá telur minni hluti fjárhagsnefndar rétt að samþykkja frv. og mun greiða því atkvæði.

Hins vegar hefur mál þetta borið að með svo einstæðum hætti, að óhjákvæmilegt er að vekja á því sérstaka athygli.

Þegar ríkisstjórnin felldi krónuna var því lýst með stolti, hversu vel sérfræðingar stjórnarinnar hefðu undirbúið gengisbreytinguna, ekki sízt með tilliti til þarfa útflutningsframleiðslunnar, sem nú hefði fengið rekstrarhæfan grundvöll.

Allar útflutningsbætur vegna sjávarafurða voru því felldar niður úr fjárlögum og því yfirlýst, að tollar yrðu lækkaðir um 250 millj. kr., strax þegar tími hefði unnizt til þess að forma breytingar á tollskránni.

Aðeins tveimur mánuðum seinna höfðu verið ákveðnar nýjar og stórfelldar upp-  
bætur vegna sjávarútvegsins.

Þetta er einstæður atburður í islenzkri stjórnmalasögu. Þrátt fyrir öra verð-  
bólguþróun um langt skeið hefur aldrei þurft að gripa til útflutningsuppbóta þegar  
að lokinni gengisfellingu.

Strax þegar þing kom saman eftir áramótin, var því lýst yfir af hálfu ríkis-  
stjórnarinnar, að ekki yrði staðið við yfirlýsingar um 250 millj. kr. tollalækkunar.  
Og nú liggur hér fyrir frv. um lækkun aðflutningsgjalda, er nemi aðeins 159 millj. kr.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð um reiknings skekkju sérfræðinganna og  
brigðmæli ríkisstjórnarinnar. Á móti 159 millj. kr. lækkun aðflutningsgjalda skal  
koma niðurskurður á gjaldahlið nýafgreiddra fjárlaga. Engar upplýsingar hafa  
fengizt um það, hvaða liðir fjárlaga verða lækkaðir. Verður að átelja harðlega þau  
vinnubrögð að leggja fyrir Alþingi til skjótrar afgreiðslu frumvarp um skerðingu  
tekjustofna, en leynd hinni hliðinni, hversu mæta skuli skerðingunni.

Forsaga þessa máls er með endemum. Stórfelldar útflutningsbætur fylgja í kjölfar  
mikillar gengislækkunar.

Á tveimur mánuðum hefur útreikningur sérfræðinga á afkomuhorfum ríkissjóðs  
skekkt um hartnær hálfan milljarð króna.

Bein loforð ríkisstjórnar um tilteknar tollalækkunar eru vanefnd.

En þrátt fyrir þessi vinnubrögð teljum við undirritaðir þessa tollalækkun svo  
brýnt hagsmunamál almennings, að við leggjum til, eins og fyrir segir, að frv. verði  
samþykkt.

Við áskiljum okkur hins vegar rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, er fram  
kunna að koma.

Alþingi, 14. febr. 1968.

Jón Kjartansson,  
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.